

05.41.13 Íslensk hljóðkerfisfræði

Háskóli Íslands

Vormisseri 2008

Setningaráhersla og íslenskar háttarsagnir

Einar Freyr Sigurðsson

1. Inngangur

Í þessari ritgerð eru háttarsagnir (e. *modals, modal verbs*) til umfjöllunar með tilliti til setningaráherslu. Þegar eitt orð verður sterkara en annað innan segðar er oft sagt að það fái setningaráherslu (Kristján Árnason 2005:204, dæmið er hans):

(1) Már er kominn HEIM [mau:rerk^homin'hei:m]

Hér ber síðasta orðið setningaráhersluna — það er sterkast. Hægt er að sýna áhersluna á tvo vegu, annars vegar með því að nota hástafi, *HEIM*, og hins vegar í hljóðritun með áherslumerkinu '. Hér verður fyrri kosturinn valinn. Mikilvægt er að rugla setningaráherslu ekki saman við andstæðuáherslu. Fyrsta orðið í (1) gæti fengið aukinn styrk og þannig væri lögð áhersla á að Már væri kominn heim en ekki t.d. Jón (Kristján Árnason 2005:204):

(2) MÁR er kominn heim, ekki JÓN.

Þannig geta ýmis orð, sem bera venjulega ekki setningaráherslu, fengið andstæðuáherslu en hún er ekki til umfjöllunar í ritgerðinni.

Orðflokkar hafa mismikinn styrk. Þannig bera nafnorð mun frekar setningaráherslu en fornöfn (Kristján Árnason 2005:447; sbr. einnig Ásgrím Angantýsson 2003):

(3) nafnorð > sagnir > forsetningar > forsetningar

Hér sést að stigvensl eru á milli orða af mismunandi orðflokkum um það hvert þeirra tekur setningaráhersluna (Kristján Árnason 2005:447). En hvernig kemur þetta stigveldi til? Í ritgerðinni verður fjallað um styrk opinna og lokaðra orðflokka, kerfisorða og inntaksorða og svara við spurningunni leitað.

Háttarsagnir má skilgreina þannig að þær séu sagnir sem geta ýmist haft grunnmerkingu (e. *root reading*) eða möguleikamerkingu (e. *epistemic reading*) (sbr. Höskuld Þráinsson 1995:104 og 2005:473). Helstu tegundir grunnmerkingarinnar eru **skylda**, **ábyrgð**, **leyfi**, **geta** og **vilji** en helstu tegundir möguleikamerkingar eru aftur á móti **möguleiki**, **nauðsyn**, **líkindi** og **sögusögn** (Höskuldur Þráinsson 2005:418 og 473).

Óformleg skýring Höskuldur (2005:473) á mismunandi merkingu háttarsagna hljóðar þannig:

- (4) a. **Möguleikamerking:**
Mælandinn segir að eitthvað sé hugsanlegt, líklegt, nauðsynlegt o.s.frv. — en ber þó stundum aðra fyrir sig í því.
- b. **Grunnmerking:**
Mælandinn segir að **frumlag** háttarsagnarinnar hafi skyldu, ábyrgð, leyfi, getu til þess að gera það sem í nafnháttarsögninni segir. Sú skylda, ábyrgð o.s.frv. sem um er að ræða getur oft verið félagsleg eða siðferðileg. Þess vegna er frumlag háttarsagnar í grunnmerkingu oftast lifandi vera.

Háttarsagnir í íslensku eru eftirfarandi (Höskuldur Þráinsson 2005:418 og Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:54):

(5) *munu, skulu, mega, vilja, eiga, kunna, þurfa, hljóta, verða, ætla, geta*

Háttarsagnir geta flestar ýmist haft grunnmerkingu eða möguleikamerkingu. M stendur fyrir möguleikamerkingu og G fyrir grunnmerkingu (nokkur dæmanna eru frá Höskuldi Þráinssyni 2005:420 og 421):

- | | | |
|------|--|----------------------|
| (6) | Þú munt vera lögreglumaður. | (M, sögusögn) |
| (7) | a. Þú skalt gera þetta. | (G, ábyrgð/skylda) |
| | b. Það skal alltaf rigna á sumrin. | (M, nauðsyn) |
| (8) | a. Þú mátt ekki gera þetta. | (G, leyfi) |
| | b. Það má þá rigna mikið. | (M, nauðsyn) |
| (9) | a. Ég vil komast burt. | (G, vilji) |
| | b. Mig vill oft vanta peninga. | (M, sögusögn) |
| (10) | a. María á að mæta fyrir rétti. | (G, skylda) |
| | b. Það á að rigna á morgun. | (M, nauðsyn) |
| (11) | a. Spassky kann að tefla. | (G, geta) |
| | b. Spassky kann að tefla á morgun. | (M, líkindi) |
| (12) | a. Þú þarft að herða þig. | (G, ábyrgð/skylda) |
| | b. Mér þyrfti að tæmast arfur eða eitthvað. | (M, nauðsyn) |
| (13) | a. Þú hlýtur að vera að grínast. | (G, skylda) |
| | b. Það hlýtur að stytta upp á morgun. | (M, líkindi/nauðsyn) |
| (14) | a. Þú verður að læra heima. | (G, skylda) |
| | b. Það verður að lægja, annars kemst ég ekki. | (M, nauðsyn) |
| (15) | a. Hann ætla að kaupa bókina. | (G, vilji) |
| | b. Það ætla víst að rigna á morgun. | (M, sögusögn) |

- (16) a. Hún **getur** lyft þessum steini. (G, geta)
b. Það **gæti** snjóað á morgun. (M, möguleiki)

Hér er sögnin *munu* aðeins sýnd með möguleikamerkingu en hún virðist ekki hafa grunnmerkingu.

Setningafræðilegur munur er á háttarsögnum eftir mismunandi merkingu. Sú hugmynd hefur verið sett fram að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu lyftingarsagnir en í grunnmerkingu séu þær stýrisagnir. Verður gerð grein fyrir þessum mun í 2. kafla. Í 3. kafla er svo rætt um kerfisorð. Þar eru orð í opnum og lokuðum orðflokkum borin saman m.t.t. setningaráherslu.

Athyglisvert er að einnig kemur fram hljóðkerfisfræðilegur munur á háttarsögnum í möguleikamerkingu og grunnmerkingu, en háttarsagnir í möguleikamerkingu bera alla jafna ekki setningaráherslu en það gera háttarsagnir í grunnmerkingu mun frekar. Þetta er aðalumfjöllunarefni ritgerðarinnar og í 4. kafla verður reynt að svara því hvers vegna háttarsagnir í möguleikamerkingu bera ekki setningaráherslu. Í 5. kafla eru svo lokaorð en þar eru niðurstöður dregnar saman.

2. Setningafræðileg lýsing á háttarsögnum

2.1 Sérstaða munu og skulu

Í inngangi kom fram að *munu* virðist ekki hafa grunnmerkingu.¹ Hún, ásamt sögninni *skulu*, hefur ákveðna sérstöðu á meðal háttarsagna. Þessar tvær sagnir eru t.a.m. þær einu í nútímamáli sem hafa einnig nafnhátt í þátíð:

- (17) a. Ég taldi hann **myndu** borða hjá okkur.
b. Hún sagðist **skyldu** gera þetta.

Þær hafa að auki hvorki lýsingarhátt nútíðar né þátíðar.

- (18) a. *Hann er **munandi** borða hjá okkur.
b. *Hún er **skulandi** gera þetta.

- (19) a. *Hann hefur **munað** borða hjá okkur.
b. *Hún hefur **skulað** gera þetta.

Allar aðrar háttarsagnir hafa lýsingarhátt þátíðar (*mátt, viljað, átt, kunnað, þurft, hlotið, orðið, ætlað, getað*) en einungis sumar hafa lýsingarhátt nútíðar. Hér eru sýnd dæmi úr Íslendingasögnum:

- (20) a. Þeir voru báðir á ungum aldri og vel fjár **eigandi**. Gísla saga Súrssonar (lengri gerð), s. 902
b. Var hún vel **kunnandi** allt það er hún skyldi gera. Finnboga saga ramma, s. 626
c. „... að þú þykist **þurfandi** að hann gerist forsjármaður ráðs þíns ...“ Reykdæla saga og Víga-Skútu, s. 1773
d. „... En líkara væri að þú hefðir eigi **viljandi** mennina inni brennt.“ Grettis saga, s. 1015

En það sem e.t.v. er athyglisverðast við þessar sagnir, *munu* og *skulu*, er að þær eru í fyllidreifingu — þær geta ekki staðið hvor á eftir annarri:

- (21) a. *Þú **munt skulu** gera þetta.
b. *Þú **skalt munu** gera þetta.

Það er líklega skylt því að aldrei er hægt að tvöfalda háttarsagnir þannig að síðari háttarsögnin sé *munu* eða *skulu*:

¹ Kaflinn er að miklu leyti byggður á ritgerð höfundar um íslenskar háttarsagnir í námskeiðinu 05.41.11 Íslensk setningafræði sem Höskuldur Þráinsson og Þórhallur Eypórsson kenndu á haustmisseri 2007.

- (22) a. *Hana **vill munu** vanta peninga.
b. *Það **ætla** að **skulu** rigna á morgun.

Raunar er ekki hægt að tvöfalda háttarsagnir í íslensku þar sem önnur sögnin er í grunnmerkingu og hin í möguleikamerkingu nema fyrri háttarsögnin sé í möguleikamerkingu (sbr. Höskuld Þráinsson og Vikner 1995:77–78; innan sviga hef ég sett M fyrir möguleikamerkingu og G fyrir grunnmerkingu sagnanna):

- (23) Möguleikamerking og grunnmerking
a. Þau **munu** (M) **vilja** (G) byggja hús.
b. Hann **kann** (M) að **verða** (G) að selja húsið.

- (24) Grunnmerking og möguleikamerking.
a. *Hann **verður** (G) að **kunna** (M) að synda.
‘Það hvílir sú skylda á honum að það sé möguleiki á því að hann syndi.’
b. *Ég **ætla** (G) að **vilja** (M) reka á land.
‘Ég ætla að láta það gerast að mig vilji reka á land.’

Merking setninganna í (24) er mjög langsótt enda eru þær ótækar.

2.2 Stýrisagnir og lyftingarsagnir

Hugmyndir hafa verið settar fram um að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu svokallaðar lyftingarsagnir (e. *raising verbs*) en háttarsagnir í grunnmerkingu séu stýrisagnir (e. *control verbs*), sbr. Höskuld Þráinsson og Vikner (1995). Í (25) eru dæmi um lyftingarsagnir en í (26) eru stýrisagnir:

(25) *sýnast, virðast ...*


(26) *ákveða, lofa, skipa, hóta, leyfa, reyna, áforma ...*

Lítum nú á eftirfarandi dæmi (Höskuldur Þráinsson 2005:411 og 428–429):

- (27) a. Hesturinn virðist [hafa týnt knapanum].
b. Það virðist [sem hesturinn hafi týnt knapanum].

Í (27a) höfum við dæmi um lyftingarnafnhátt en hugtakið *lyfting* verður skýrara þegar dæmi (27b) er athugað: Þá sést að *hesturinn* fær merkingarhlutverk sitt frá sögninni *týna* en ekki *virðast* (eins og e.t.v. hefði mátt ætla út frá (27a)). Frumlag sagnarinnar *týnast* færist fram fyrir *virðast*, sbr. (28a), en það má einnig orða svo að það „lyftist“ upp fyrir *virðast* eins og sjá má á hríslumyndinni í (28b):

(28) a. Hesturinn_i virðist [_{s_i} hafa týnt knapanum].



Frumlag í stýrinafnháttum (þ.e. með stýrisögnum) er af öðrum toga:

(29) Hann lofaði henni [að FOR kaupa í matinn].

Hér eru frumlögin í raun tvö, þ.e. *hann* og *hið ósýnilega FOR* (e. *PRO*). Höskuldur Þráinsson (2005:413) segir að sá sem lofar í (29) taki að sér að vera sjálfur gerandi nafnháttarins og þá sé frumlag nafnháttarins túlkað eins og það sé samvísandi við frumlag sagnarinnar í móðursetningunni.

Nú skulu þrjú atriði athuguð sem sýna mun á lyftingarsögnum og stýrisögnum. Munurinn kemur fram í setningum með frumlagsleppnum *það*, í orðatiltækjum (e. *idiom chunks*) og með aukafallsfrumlögum.² Jafnframt þessu verða atriðin borin saman við muninn á háttarsögnum í möguleikamerkingu og grunnmerkingu.

Skýr munur á lyftingarsögnum og stýrisögnum kemur fram í setningum með frumlagsleppnum *það* en hann er ótækur með stýrisögnum, sbr. (30). Í (31) sést að sami munur er á háttarsögnum með möguleikamerkingu og grunnmerkingu:

(30) a. Það virðist ætla að rigna á morgun.

b. *Það reyndi að rigna í gær.

(31) Það ætlar að rigna á morgun.

i. 'Það er líklegt að það rigni.'

ii. *'Það er ætlun einhvers að rigna.'

² Fleiri atriði sýna mun á lyftingarsögnum og stýrisögnum (og á háttarsögnum í möguleikamerkingu og grunnmerkingu) en ég tel ekki nauðsynlegt að sýna þau öll hér en bendi í staðinn á grein Höskuldar Þráinssonar og Vikners (1995).

Í (31) verður setningin ótæk ef háttarsögnin er túlkuð í grunnmerkingu.

Sami munur kemur fram í orðatiltækjum, sbr. *Þarna liggur hundurinn grafinn*:

- (32) a. Þarna virðist hundurinn liggja grafinn.
b. *Þarna reynir hundurinn að liggja grafinn.
- (33) Þarna verður hundurinn að liggja grafinn.
i. ‘Það getur ekki annað verið en að hundurinn liggi grafinn þarna.’
ii. *‘Það hvílir sú skylda á hundinum að liggja grafinn þarna.’

Lyftingarsagnir taka aukafallsfrumlög aukafallssagna en stýrisagnir gera það ekki:

- (34) a. Hana virðist vanta peninga.
b. Hún vonast til að vanta ekki peninga.
c. *Hana vonast til að vanta ekki peninga.

Að sama skapi geta háttarsagnir í grunnmerkingu ekki tekið aukafallsfrumlög en það geta aftur á móti háttarsagnir í möguleikamerkingu:

- (35) Harald vill oft vanta peninga.
i. ‘Það hendir oft að Harald vanti peninga.’
ii. *‘Haraldur hefur oft áhuga á því að vanta peninga.’

Nú höfum við séð nokkur dæmi um það hvers vegna háttarsagnir í grunnmerkingu eru sagðar vera stýrisagnir og af hverju háttarsagnir í möguleikamerkingu eru sagðar lyftingarsagnir. Með öðrum orðum höfum við séð setningafræðilegan mun á háttarsögnum með mismunandi merkingu. Hljóðkerfisfræðilegur munur kemur einnig fram en hann má e.t.v. skýra á þann veg að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu einhvers konar kerfisorð en í grunnmerkingu séu þær það ekki.

3. Kerfisorð og setningaráhersla

3.1 Kerfisorð

Erfitt er að skilgreina kerfisorð á fullnægjandi hátt. Við áttum okkur kannski betur á þeim ef við lítum á enska samsvörun orðsins, *function words*. Þessi orð hafa þá fyrst og fremst einhverja „fúnksjón“; þau gegna hlutverki. Orð sem hafa ekki tiltekið hlutverk eru svo inntaksorð, e. *content words*. Með einföldun mætti segja að þau hefðu eitthvert innihald, einhverja merkingu (í sumum tilfellum væri heppilegra að tala um ríkari merkingu), sem kerfisorðin hafa ekki.

Lítum fyrst á orðið *að* í setningunni *Að horfa á myndband er góð skemmtun*. Ef spurt væri um eiginlega merkingu orðsins yrði líklega fátt um svör. En mögulegt væri að gera grein fyrir notkun orðsins og þá hægt að nefna að í setningunni að ofan er orðið nafnháttarmerki. Hér má benda á að í *Íslenskri orðabók* er aðeins notkun orðsins sem nafnháttarmerkis útskýrð en eiginleg merking þess ekki. Þar er talað um „smáorð notað á undan sögn í nafnhætti“ (2007:1).

En athugum því næst inntaksorðið *Færeyingur*. Ef nú væri spurt um merkingu orðsins væri svarið væntanlega að *Færeyingur* væri maður frá *Færeyjum*. Þannig er orðið útskýrt í *Íslenskri orðabók* (2007:280) en ekki er minnst á notkun þess eða hlutverk í málinu.

Nú höfum við séð nokkuð skýr dæmi um muninn á kerfisorði, *að*, og inntaksorði, *Færeyingur*. Hið fyrra er í lokuðum orðflokki, en það er aðeins eitt nafnháttarmerki og málnotendur geta ekki búið til fleiri að vild, en hið síðara er í opnum orðflokki, flokki nafnorða, en sífellt bætast fleiri orð við hann.

Nú mætti athuga hvort það á við um alla lokaða orðflokka að orð í þeim séu kerfisorð.

3.2 Opnir og lokaðir orðflokkar

Til lokaðra orðflokka teljast atviksorð (þó ekki háttaratviksorð), fornöfn, forsetningar, nafnháttarmerki, samtengingar og töluorð, auk hjálparsagna.

Stigveldið í (3) segir að opnu orðflokkarnir nafnorð og sagnorð séu „sterkari“ en lokuðu orðflokkarnir forsetningar og persónufornöfn. Forsetningar eru svo sterkari en persónufornöfn (eins og Kristján Árnason 2005:447 sýnir, dæmin eru hans):

- (36) a. Dís kemur MEÐ mér.
b. Ég tók hann MEÐ.

Orð í lokuðum orðflokki geta því borið setningaráherslu enda segir stigveldið einungis til um hvers konar orð eru líkleg eða ólíkleg til að bera hana; það sýnir ólíkan styrk orðflokka.

Samkvæmt stigvenslunum í (3) hafa persónufornöfn minni styrk en nafnorð og sagnorð og segja mátti að þau væru ólíklegri til að bera setningaráherslu:

- (37) a. Hann JÓN kemur á morgun.
b. *HANN Jón kemur á morgun.

- (38) a. Hann KEMUR á morgun.
b. *HANN kemur á morgun.

Hér sést að óeðlilegt er að setja áhersluna á persónufornafnið þegar það stendur með sérnafni eða á undan sögn. Þetta mátti þá skýra þannig að þar sem persónufornöfn eru kerfisorð beri þau ekki setningaráherslu. Sömuleiðis ættu önnur fornöfn ekki að bera áhersluna. Sú virðist einmitt vera raunin (hér er oftast látið nægja að sýna muninn á nafnorðum og fornöfnum en möguleg setningaráhersla annarra orða er þá ekki sýnd):

- (39) Eignarfornöfn
a. BÍLLINN minn bilaði í gær.
b. *Bíllinn MINN bilaði í gær.

- (40) Afturbeygð fornöfn
a. JÓN rakaði sig.
b. *Jón rakaði SIG.

- (41) a. María málaði BÍLINN sinn.
b. *María málaði bílinn SINN.

- (42) Ábendingarfornöfn
a. Þessir JARÐSKJÁLFTAR hafa valdið miklu tjóni.
b. *ÞESSIR jarðskjálftar hafa valdið miklu tjóni.

- (43) Spurnarfornöfn
a. Hver heldurðu að sigri í KEPPNINNI?
b. *HVER heldurðu að sigri í keppninni?

- (44) Óákveðin fornöfn
a. Það NENNIR enginn að koma.
b. *Það nennir ENGINN að koma.

Í (39b) ber eignarfornafnið *minn* setningaráhersluna en þá er setningin ótæk. Hún er aðeins tæk ef um andstæðuáherslu er að ræða. Það sama gildir um önnur fornöfn (sbr. umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 2005:446). Segja má að ábendingarfornöfn feli gjarna í sér andstæðu-

áherslu, hlutverk þeirra er að *benda á*. En þau taka ekki alltaf áherslu og allra síst setningar-áherslu.

Samtengingar eru lokaður flokkur en þær virðast aldrei bera setningaráherslu:

- (45) a. *Hann er stór OG sterkur.
b. *Ég gleymdi að kaupa banana EN ég mundi þó eftir eplunum.

Ef samtengingarnar í þessum dæmum bæru áherslu, sem væri ómörkuð, væri það til marks um einhvers konar andstæðuáherslu.

Eins og komið hefur fram eru atviksorð lokaður orðflokkur en með undantekningu þó þar sem hægt er að mynda ný háttaratviksorð. Því ættu þau að geta borið setningaráherslu frekar en önnur atviksorð:

- (46) Háttaratviksorð
a. Hann stóð sig VEL í leiknum.
b. Hún vann þetta VANDLEGA.

Þessi spá gengur eftir. Áhersluatviksorð geta þó einnig borið setningaráherslu og kemur það e.t.v. ekki á óvart með vísan til heitis þeirra. Þegar þau standa með háttaratviksorðum virðast áhersluatviksorðin sterkari:

- (47) a. Hann stóð sig GRÍÐARLEGA vel í leiknum.
b. *Hann stóð sig gríðarlega VEL í leiknum.

- (48) a. Hann vann þetta MJÖG vandlega.
b. *Hann vann þetta mjög VANDLEGA.

Samt sem áður er flokkur áhersluatviksorða lokaður. Önnur atviksorð, t.a.m. tíðaratviksorð, bera mun síður setningaráherslu:

- (49) Tíðaratviksorð
a. *Hann var mættur SNEMMA í tímann.
b. *Hann mætir SJALDAN í tíma.

Nú höfum við séð að orð í lokuðum orðflokkum eru almennt ólíklegri til að bera setningaráherslu en orð í opnum orðflokkum. Þau eru þó ekki öll fyrst og fremst kerfisorð en gegna líklega frekar kerfislegu hlutverki, ef svo mætti að orði komast, en orð í opnum flokkum.

Hér hefur ekki enn verið rætt um flokk hjálparsagna en hann er lokaður. Lítum nú á hann.

3.3 Hjálparsagnir

Hafa og *vera* eru einna algengastar íslenskra hjálparsagna. Hjálparsagnir virðast tilheyra kerfisorðum, þær eru lokaður orðflokkur og að auki gegna þær fyrst og fremst kerfislegu hlutverki:

(50) **Sögn** sem notuð er samkvæmt föstum reglum til að láta í ljós tiltekið málfræðiatríði í **samsettri beygingu** með **aðalsögn** er kölluð HJÁLPARSÖGN.

Þannig hljóðar lýsing Höskuldar Þráinssonar (1995:67) á hjálparsögnum. *Hlutverk* þeirra er að láta í ljós tiltekið málfræðiatríði en ekki er minnst á merkingu sagnanna. Það kemur því ekki á óvart að hjálparsagnir bera ekki setningaráherslu:

(51) a. Hann er líklega FARINN.
b. *Hann ER líklega farinn.

(52) a. Hann hefur líklega FARIÐ.
b. *Hann HEFUR líklega farið.

Háttarsagnir í möguleikamerkingu eru einnig hjálparsagnir. Þær ættu því ekki að bera setningaráherslu.

4. Háttarsagnir og setningaráhersla

Þegar háttarsagnir hafa möguleikamerkingu geta þær ekki borið setningaráherslu:

- (53) a. *Spasky KANN að tefla á morgun.
b. *Það MÁ þá rigna mikið.

Þegar háttarsagnir hafa á hinn bóginn grunnmerkingu eru þær ekki kerfisorð og eru þá aðalsagnir. Þá geta þær borið áhersluna:

- (54) a. Spasky KANN að tefla.
b. Þú MÁTT ekki gera þetta.

Rifjum nú upp öll dæmin í (6)–(16) sem sýna háttarsagnir, annars vegar í möguleikamerkingu og hins vegar í grunnmerkingu, m.t.t. setningaráherslu:

- | | |
|--|-------------------------------------|
| (55) *Þú MUNT vera lögreglumaður. | (M, sögusögn) |
| (56) a. Þú SKALT gera þetta.
b. *Það SKAL alltaf rigna á sumrin. | (G, ábyrgð/skylda)
(M, nauðsyn) |
| (57) a. Þú MÁTT ekki gera þetta.
b. *Það MÁ þá rigna mikið. | (G, leyfi)
(M, nauðsyn) |
| (58) a. Ég VIL komast burt.
b. *Mig VILL oft vanta peninga. | (G, vilji)
(M, sögusögn) |
| (59) a. María Á að mæta fyrir rétti.
b. *Það Á að rigna á morgun. | (G, skylda)
(M, nauðsyn) |
| (60) a. Spasky KANN að tefla.
b. *Spasky KANN að tefla á morgun. | (G, geta)
(M, líkindi) |
| (61) a. Þú ÞARFT að herða þig.
b. *Mér ÞYRFTI að tæmast arfur eða eitthvað. | (G, ábyrgð/skylda)
(M, nauðsyn) |
| (62) a. Þú HLÝTUR að vera að grínast.
b. *Það HLÝTUR að stytta upp á morgun. | (G, skylda)
(M, líkindi/nauðsyn) |
| (63) a. Þú VERÐUR að læra heima.
b. *Það VERÐUR að lægja, annars kemst ég ekki. | (G, skylda)
(M, nauðsyn) |
| (64) a. Hann ÆTLAR að kaupa bókina.
b. *Það ÆTLAR víst að rigna á morgun. | (G, vilji)
(M, sögusögn) |

- (65) a. Hún GETUR lyft þessum steini. (G, geta)
b. *Það GÆTI snjóað á morgun. (M, möguleiki)

Samkvæmt þessu er engin háttarsögn í möguleikamerkingu sem getur borið setningaráherslu; hún er a.m.k. mjög mörkuð. Nú mætti ætla að háttarsagnir í möguleikamerkingu væru kerfisorð (eins og þau hafa verið skilgreind hér): Þær eru lokaðar flokkur orða (ekki er hægt að bæta fleiri sögnum við hann), þær gegna einhvers konar kerfislegu hlutverki (þær hafa fúnksjón) og bera ekki setningaráherslu.

Merking háttarsagna í möguleikamerkingu er ekki með öllu skýr. Hvað merkir t.d. sögnin *ætla* í (64b) *Það ætlar víst að rigna á morgun*? Grunnmerkingin er nokkuð skýr, hún getur t.d. verið ‘að hafa í hyggju’, og þessa merkingu sýnir *Íslensk orðabók* (2007:1235). En möguleikamerkingin er ekki jafnskýr. Hér má benda á að með setningunni *Það ætlar að rigna* gefur orðabókin ekki merkingu *ætla* heldur lýsir notkuninni („um sennilega framvindu eða atburðarás“; *Íslensk orðabók* 2007:1235). Þetta bendir til kerfislegrar notkunar háttarsagna í möguleikamerkingu.

Hér hefur komið fram að nafnháttarmerkið *að* getur ekki borið setningaráherslu en ekki fæst séð að það hafi nokkra merkingu. Það er þar að auki í (algjörlega) lokuðum orðflokki. Hins vegar geta til dæmis forsetningar, sem eru lokaður orðflokkur, borið áherslu en styrkur þeirra er þó minni en styrkur nafnorða og sagnorða. Þær gegna kerfislegu hlutverki en hafa að auki einhverja merkingu. Þannig geta forsetningar t.d. haft tímamerkingu, sbr. *Um nóttina rigndi, Í dag fór ég að heiman*; staðarmerkingu, sbr. *Hann gekk um bæinn, Hann er í skólanum*; og táknað hreyfingu, sbr. *Ég fór til Jóns, Hann fór frá kassanum* (Jón Friðjónsson 1988).

Af þessu mætti draga þá ályktun að því minni merkingu sem orð í lokuðum orðflokki hefur, þeim mun meira kerfisorð sé það. Þá mætti segja að því minni merkingu sem orð hefur og því meira kerfishlutverki það gegnir, þeim mun líklegra sé að orðið beri ekki setningaráherslu.

Þetta má kanna með háttarsögnum. Lítum aftur á b-setningarnar í (57), (59) og (64) (hér er því sleppt að merkja ótæka setningaráherslu með stjörnu):

- (66) a. Það MÁ þá rigna mikið.
b. Það Á að rigna á morgun.
c. Það ÆTLAR víst að rigna á morgun.

Þessar setningar, með setningaráherslu á háttarsögnunum (í möguleikamerkingu), eru að mínum dómi ótækar með öllu. Það sama verður ekki sagt um b-setningarnar í (62), (63) og (65), þar finnst mér setningaráherslan skárri:

- (67) a. Það HLÝTUR að stytta upp á morgun.
b. Það VERÐUR að lægja, annars kemst ég ekki.
c. Það GÆTI snjóað á morgun.

Setningaráherslan hér er mörkuð, þ.e. hún er ekki eðlileg, en þó er hún eðlilegri en í setningunum í (66). Ástæðan getur verið sú að þessar háttarsagnir eru nær grunnmerkingu sagnanna — e.t.v. fela þær í sér meiri merkingu. Þannig er sögnin *geta* í möguleikamerkingu, eins og hún er notuð í (67c), ekki svo frábrugðin grunnmerkingunni ‘vera fær um’. Erfiðara reynist hins vegar að greina eiginlega merkingu sagnanna í (66). Þannig er mikill munur á grunnmerkingu *mega* ‘hafa leyfi til e-s’ og háttarmerkingunni eins og hún kemur fram í (66a).

Áður hefur komið fram að sögnin *munu* virðist ekki hafa grunnmerkingu. Það sést að nokkru leyti í setningafræði — hún hegðar sér öðruvísi en aðrar háttarsagnir og er þar athyglisverðast að hún kemur aldrei á eftir annarri háttarsögn. Þessi sérstaða endurspeglast líka í hljóðkerfisfræðinni þar sem *munu* getur aldrei borið setningaráherslu.

En þar sem því hefur verið haldið fram að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu lyftingarsagnir og háttarsagnir í grunnmerkingu séu stýrisagnir má gera ráð fyrir að lyftingarsagnir beri ekki setningaráherslu en stýrisagnir geri það frekar:

- (68) Lyftingarsagnir
a. *Hesturinn VIRÐIST hafa týnt knapanum.
b. Hesturinn virðist hafa TÝNT knapanum.

- (69) Stýrisagnir
Jón HÓTADI að berja mig.

Spáin gengur eftir og þannig eru háttarsagnir í möguleikamerkingu eins og lyftingarsagnir bæði setningafræðilega og hljóðkerfisfræðilega. Líkindum stýrisagna og háttarsagna í grunnmerkingu er eins farið.

5. Lokaorð

Hér hefur verið rætt um kerfisorð m.t.t. setningaráherslu. Þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvers konar orð teljast til þeirra. Kerfisorð er ávallt að finna í lokuðum orðflokkum en aldrei í opnum. Styrkur lokaðra orðflokka að þessu leyti er samt sem áður mismikill, t.a.m. eru forsetningar sterkari en persónufornöfn. Með öðrum orðum bera forsetningar frekar setningaráherslu en persónufornöfn. Aftur á móti eru sum orð í lokuðum orðflokkum sem geta ekki borið áherslu, svo sem nafnháttarmerki.

Setningafræðilegur munur er á háttarsögnum í grunnmerkingu og möguleikamerkingu. Er talið að þær fyrri séu stýrisagnir en hinar síðari lyftingarsagnir. Munurinn er einnig hljóðkerfisfræðilegur því að háttarsagnir sem hafa grunnmerkingu og stýrisagnir bera setningaráherslu, líkt og aðalsagnir, en háttarsagnir sem hafa möguleikamerkingu og lyftingarsagnir bera hana ekki, líkt og hjálparsagnir.

Ástæðuna fyrir því að háttarsagnir í möguleikamerkingu bera ekki setningaráherslu virðist sú að þær eru lokaður orðflokkur, hafa kerfislegu hlutverki að gegna og hafa að sama skapi ekki ríka merkingu. Hér hefur verið stungið upp á því að þau orð sem minnsta merkingu hafa beri síður setningaráherslu en önnur. Þannig má skýra að háttarsagnir í möguleikamerkingu geta frekar borið áhersluna þegar þær hafa ríkari merkingu eða eru nær grunnmerkingu viðkomandi sagna. Ef ástæðan er þessi má nota setningaráherslu sem tæki til að greina á milli lokaðra orðflokka og opinna, kerfisorða og inntaksorða.

Textar

Íslendinga sögur. 1985–1986. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Svart á hvítu, Reykjavík.

Finnboga saga ramma, Gísla saga Súrssonar (lengri gerð), Grettis saga, Reykdæla saga og Víga-Skútu.

Heimildaskrá

Ásgrímur Angantýsson. 2003. Um orðaröð í íslensku með hliðsjón af setningaráherslu og tónfalli. Óprentuð MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson og Sten Vikner. 1995. Modals and Double Modals in the Scandinavian Languages. *WPSS* 55:51–88.

Íslensk orðabók. 2007. Möður Árnason (ritstj.). Fjórða útgáfa byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum. Edda, Reykjavík.

Jón Friðjónsson. *Forsetningar í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Kristján Árnason. 2005. *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Meðhöfundur Jörgen Pind. Íslensk tunga I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.